

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 5. maí 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Jaðarsbökkum á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur sundlaugar breytist. Sett er inn kvöð um akfæran göngustíg meðfram suðurhluta byggingarreits sundlaugar. Sett er inn afmörkun fyrir gryfju, lokaða með rist við jarðvegsyfirborð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. júní 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2008